

Stjórnarfundur UMSB, 3. Júlí 2013 kl. 20.00

Borgarbraut 61

Mættir á fund: Aðalsteinn Símonarson, Kristín Gunnarsdóttir, Ásgeir Ásgeirsson, Sigurður Guðmundsson og Hrönn Jónsdóttir.

Borgarbyggð óskar eftir umsögn UMSB um erindi Frjálsíþróttasamband um kaup á tímatökutækjum. Stjórn hvetur Borgarbyggð til að taka þátt í kaupum, leggur áherslu á að völlurinn sé góður en nánast ónýtanlegur fyrir mótahald á meðan ekki er til tímatökutæki og þau séu því nauðsynleg til að geta nýtt völlinn til fullnustu. Þó verði að ganga úr skugga um að UMSB hafi afnotarétt á mótum innan héraðs. Framkvæmdastjóra falið að svara erindinu og óska eftir svörum um afnotarétt og verð frá FRÍ.

Sigurður les fundargerð frá 11.júní og hún samþykkt.

Tómstundaskóli: „Stjórn harmar þá afgreiðslu Byggðarráðs á fundi sínum þann 27.06.2013 að styrkja Umf. Íslending til að halda tómstundaskóla en ekki önnur ungmennafélög á svæðinu. Byggðarráði ber að gæta jafnræðis innan sveitafélagsins og styrkja þau ungmennafélög sem halda úti tómstundaskóla á sambærilegan hátt.“

Dansskóli Evu Karenar: Málefni dansskóla Evu Karenar eru óljós en á meðan um er að ræða einkarekstur snýr málið ekki að UMSB.

Fjármál sambandsins: farið var yfir stöðu mála og lagt fram uppgjör fyrstu 5 mánaða en það skekkir myndina að ekki hafa verið gerðar upp lottógreiðslur ofl.

Landsmót UMFÍ: 7 keppendur munu fara frá UMSB til keppni á Selfossi.

Unglingalandsmót UMFÍ: vilji til að halda fund fyrir alla sem vilji fara á mót og bjóða þar uppá að máta galla til kaupa. Hrönn fær leyfi til að kaupa nokkra auka galla til að eiga. Áhersla á að auglýsa mótið. Samþykkt að setja auglýsingu í Íbúann. Ath. Með styrk hjá UMFÍ fyrir auglýsingunni. Ákveðið að Sigurður tali við Arion banka um að fá hann til að gefa stuttermaboli líkt og í fyrra.

Minnigarsjóður: ákveðið að greiða 20.000 kr í minningarsjóð Ólafs Rafnssonar til minningar um hann.

Ákveðið að næsti stjórnarfundur verði þann 13. Ágúst.

Ráðningarsamningur Pálma Blængssonar ræddur.